

## 09.21.54 Skammtafræði I

Fimmtudaginn 12. desember 1996, kl. 9-13.

Leyfileg hjálparöggn eru: Vasatölva, allar bækur, nótur og dæmi.

1. Tvívíðum hreintóna sveifli er lýst með Hamiltonvirkjanum

$$H_0 = \hbar\omega (a_1^\dagger a_1 + a_2^\dagger a_2 + 1).$$

Tröppuvirkjarnir  $a_i$  og  $a_i^\dagger$  uppfylla víxlin  $[a_i, a_i^\dagger] = 1$ .

- (a) Reiknið áhrif tímaóháðu truflunarinnar

$$H_{int} = \lambda (a_1^\dagger a_1^\dagger a_2 a_2 + a_2^\dagger a_2^\dagger a_1 a_1)$$

á annað og þriðja örvaða ástand sveifilsins.

- (b) Hvers vegna getum við útilokað truflun þar sem aðeins annar liðurinn hér að ofan með fjórum tröppuvirkjum kemur fyrir.

2. Atóm hefur tvö orkustig,  $|1\rangle$  með orkuna  $-\hbar\Omega_0$  og  $|2\rangle$  með orkuna  $+\hbar\Omega_0$ . (Atómið hefur fleiri orkustig sem koma ekki við sögu hér). Truflun,  $V(t)$ , sem kveikt er á klukkan  $t = 0$  tengir þessi tvö orkustig þannig að

$$\langle 1 | V(t) | 2 \rangle = \hbar\Omega_1 \sin(\omega t).$$

- (a) Finnjið líkan (Hamiltonvirkja) sem lýst getur þessu kerfi.
- (b) Ef kerfið er upphaflega í grunnástandinu, metið líkur þess að það verði í örvaða ástandinu klukkan  $t$ .
- (c) Ef kerfið er upphaflega í ástandinu  $(|1\rangle + |2\rangle)/\sqrt{2}$ , metið líkur þess að það verði í grunnástandinu klukkan  $t$ .

3. Ögn með massa  $m$  er í mættinu

$$V(x) = \begin{cases} 0 & \text{ef } 0 \leq x \leq a \\ \infty & \text{ef } x < 0 \\ \text{eða} & x > a. \end{cases}$$

Eiginástönd kerfisins eru  $|\phi_n\rangle$  með orkuna  $E_n = (n\pi\hbar)^2/(2ma^2)$  fyrir  $n = 1, 2, \dots$ . Klukkan  $t = 0$  er kerfið í ástandinu

$$|\psi(o)\rangle = a_1|\phi_1\rangle + a_2|\phi_2\rangle + a_3|\phi_3\rangle + a_4|\phi_4\rangle,$$

þar sem  $a_i \in \mathbf{C}$ .

- (a) Hver eru líkindi þess að orkumæling á ögninni í ástandinu  $|\psi(o)\rangle$  gefi gildi sem er lægra en  $(3\pi^2\hbar^2)/(ma^2)$ ?
- (b) Hvert er væntigildi orku agnarinnar í ástandinu  $|\psi(o)\rangle$ ?
- (c) Finnið  $|\psi(t)\rangle$ . Eru svörin í lið (a) og (b) háð eða óháð tíma?
- (d) Orkumæling gefur gildið  $(8\pi^2\hbar^2)/(ma^2)$ . Hvert er ástand agnarinnar eftir mælinguna? Hvaða orkugildi fengist með endurtekinni mælingu?

4. Straumi agna með massa  $m$  er beint að kúlusamhverfa skammseilna skotmarkinu

$$V_0(r) = \frac{\hbar^2}{2m} \frac{a}{r^2} \delta(r - a).$$

- (a) Notið hlutbylgjgreiningu til að reikna fasavik  $s$ -bylgjudreifingarinnar.
- (b) Hvert er heildarþversnið skotmarksins fyrir  $s$ -bylgju?
- (c) Hvert er diffurþversnið skotmarksins fyrir  $s$ -bylgju?
- (d) Hvert er diffurþversnið skotmarksins samkvæmt Bornnálgun?
- (e) Fyrir hvaða orkubil gilda þessar tvær nálganir? Rökstyðjið svarið.
- (f) Finnið fasavik  $s$ -bylgjudreifingarinnar fyrir mættið

$$V_0(r) = -\frac{\hbar^2}{2m} \frac{a}{r^2} \delta(r - a).$$

- (g) Hver er eðlisfræðilega túlkun niðurstaðnanna í lið (a) og (f)?